

## Aðalfundur Foreldradeildar Blindrafélagsins 17. apríl 2010

### Fundargerð

---

Aðalfundur Foreldradeildar Blindrafélagsins var haldinn þann 17. apríl 2010, kl. 14:00, í Bergmálshúsi að Sólheimum í Grímsnesi.

Fjórtán foreldrar voru mættir á fundinn:

- Erla og Benedikt (Unnur Þöll 14 ára, Daníel Anton 12 ára)
- Inga Dóra (Iva 11 ára)
- Guðný og Páll (Sindri 20 mánaða)
- Þóra og Ögmundur (Þorgerður Erla 20 mánaða)
- Rósa (Jenný 9 ára)
- Anna Margrét (Ásdís 9 ára)
- Elín (Anna Líf 7 ára)
- Bryndís (Bjarni 11 ára)
- Ólafur (Ólafur Einar 12 ára)
- Vala Karen (Vaka 12 ára)
- Gunnar Valur (Sandra 10 ára, Laufey 8 ára)

### Dagskrá fundarinnar

Í upphafi fundar upplýsti Inga Dóra fundarmenn um að engin formleg dagskrá hafi verið ákveðin fyrir þennan fund að Sólheimum. Ennfremur að boðað hafi verið til aðalfundur deildarinnar þann 21. febrúar 2010 en þá hafi aðeins tveir foreldrar mætt. Þ.a.l. hafi sá fundur hvorki verið lögmætur né gildur. Inga Dóra lagði því til að fundurinn að Sólheimum yrði aðalfundur Foreldradeildarinnar, enda mæting foreldra á fundinn afar góð. Var sú tillaga samþykkt samhljóða af öllum fundarmönnum.

### Hlutverk og framtíðarsýn Foreldradeildar Blindrafélagsins

Að því loknu lagði Inga Dóra til að fundurinn ræddi um hlutverk og framtíðarsýn Foreldradeildarinnar.

Fundarmenn voru sammála um að skilgreina þyrfti betur markmið og starf Foreldradeildarinnar, meðal annars m.t.t. starfsemi Blindrafélagsins, þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (hér eftir „Þekkingarmiðstöðin“), Ungra blindra og fleiri. Í því sambandi ræddu fundarmenn eftirfarandi atriði.

- Meginhlutverk Foreldradeildar Blindrafélagsins er að:
  - Vera samræðuvettvangur foreldra blindra og sjónskertra barna þar sem foreldrar geta m.a. deilt með sér reynslusögum, hagnýtum upplýsingum, tengslum, stuðningi og fleiri gagnlegum atriðum sem tengjast málefnum blindra og sjónskertra barna og foreldrum þeirra.
  - Veita jafningjastuðning til foreldra blindra og sjónskertra barna.
  - Standa vörð um réttindi og sérstök kjör sem standa blindum og sjónskertum börnum og foreldrum þeirra til boða.

- Vera í góðum tengslum við Þjónustumiðstöðina og Blindrafélagið, sérstaklega hvað varðar hugmyndavinnu, ráðleggingar og upplýsingastreymi um málefni sem varða blind og sjónskert börn og foreldra þeirra.
- Stjórn Foreldradeildarinnar mun standa fyrir því að settur verði saman listi yfir helstu réttindi, sérstök kjör og styrki sem standa blindum og sjónskertum börnum og foreldrum þeirra til boða (þ.á m. umönnunarbætur, bifreiðastyrk, húsnæðislán, aðgang að Húsdýragarði o.s.frv.). Listinn verður gerður aðgengilegur á heimasíðu Foreldradeildarinnar [www.blindborn.is](http://www.blindborn.is). Stjórn félagsins mun bera ábyrgð á því að listinn verði uppfærður eftir því sem tilefni gefa til.
- Stjórn Foreldradeildarinnar skal einnig sjá til þess að Blindrafélagið og Þekkingarmiðstöð fái sérstakt kynningarblað til dreifingar, þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:
  - Meginhlutverk, starfsemi og heimasíða Foreldradeildar Blindrafélagsins.
  - Hvernig unnt sé að skrá sig í Foreldradeildina og af hverju foreldrar ættu yfir höfuð að gera það.
  - Upplýsingar um jafningjastuðning (s.s. nöfn foreldra sem eru tilbúnir til að veita jafningjastuðning, símanúmer og netföng).
  - Sérstök hvatning til vera aðili að deildinni og sækjast eftir jafningjastuðningi.
- Ný stjórn félagsins skal boða fulltrúa Blindrafélagsins og Þekkingarmiðstöðvarinnar til fundar, t.d. þann 28. apríl n.k., til að ræða eftirfarandi atriði:
  - Kynna nýja skilgreiningu á hlutverki Foreldradeildarinnar.
  - Kynna hugmyndir foreldra um að Blindrafélagið taki yfir skipulagningu og umsjón á viðburðum og fræðslu sem tengjast blindum og sjónskertum börnum. Í því sambandi verði Foreldrafélagið ráðgefandi og geti komið á framfæri hugmyndum um viðburði og fræðslumál (þegar hafa komið fram hugmyndir um systkinasmiðju, tónasmiðju, námskeið fyrir aðstandendur blindra og sjónskertra barna o.fl.).
  - Kynna hugmynd um kynningarbækling um starfsemi Foreldradeildarinnar og jafningjastuðning. Athuga í því sambandi hvort Þekkingarmiðstöð og Blindrafélagið hafi vilja og getu til að:
    - A) Upplýsa „nýja“ foreldra um jafningjastuðninginn eftir því sem tækifæri gefast til,
    - B) kanna um leið hvort viðkomandi foreldrar óski eftir að foreldri úr Foreldradeildinni hafi samband við þá af fyrra bragði og
    - C) hafa samband við stjórn Foreldradeildar með viðeigandi upplýsingum um hina „nýju“ foreldra, hafi þeir óskað eftir að haft verði samband við þá.

### **Foreldrahópur á Facebook**

Í kjölfar foreldranámskeiðs sem haldið var í janúar 2010 var stofnaður sérstakur hópur á Facebook sem nefnist *Foreldrar blindra og sjónskertra barna*. Hópurinn er hugsaður sem vettvangur þar sem foreldrar geta spjallað sín á milli og kynnst betur, eins og þar stendur. Fundarmenn voru almennt sáttir við það framtak en fram kom að sumir foreldrar höfðu ekki frétt af hópnum. Inga Dóra mun setja upplýsingar um Facebook hópinn á [www.blindborn.is](http://www.blindborn.is). Auk þess mun hún sjá til þess að gagnlegar upplýsingar sem birtast í Facebook hópnum og eru almenns eðlis, verði einnig birtar á [www.blindborn.is](http://www.blindborn.is).

### **Kjör nýrrar stjórnar og störf hennar**

Þá fór fram kjör nýrrar stjórnar Foreldradeildar Blindrafélagsins.

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins frá og með 17. apríl 2010.

- Páll Guðbrandsson, formaður stjórnar,
- Inga Dóra Guðmundsdóttir, gjaldkeri, og
- Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, ritari.

Ákveðið var að stjórnin sæti til eins árs, þ.e. fram að næsta aðalfundi Foreldradeildarinnar.

Hún skal funda a.m.k. tvisvar á ári.

Jafnframt var rætt um að fundargerðir stjórnar yrðu gerðar sýnilegar, t.d. á heimasíðu Foreldradeildarinnar [www.blindborn.is](http://www.blindborn.is).

Að lokum var ákveðið að aðalfundur Foreldradeildarinnar skuli fara fram í aprílmánuði ár hvert, fyrir aðalfund Blindrafélagsins.

### **Önnur mál**

Önnur mál voru ekki rædd.

Fundi Foreldradeildar Blindrafélagsins var slitið kl. 15:15.

Fundarritarar:

Erla Berglind og Þóra